

**Ed.**

**313. Frumvarp**

til hjúkrunarkvennalaga.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

**1. gr.**

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

**2. gr.**

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarendi almennum hjúkrunarkvenna- störfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

**3. gr.**

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

**4. gr.**

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

**5. gr.**

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í rikissjóð.